

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja.

#### 1. gr.

Fyrirsögnin „Inngangur og gildissvið“ á undan 1. gr. skal orðast svo:  
Inngangur, gildissvið og markmið.

#### 2. gr.

Á eftir breyttri fyrirsögn „Inngangur, gildissvið og markmið“ kemur eftirfarandi texti:  
Markmiðið með reglugerð þessari er að tryggja umferðaröryggis- og umhverfissjónarmið. Reglugerðin kveður m.a. á um tæknilegar kröfur þegar ökutæki er skráð á Íslandi, ásamt kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætluð eru í ökutæki. Hún setur samræmd viðmið til þess að auðvelda skráningu, sölu og notkun ökutækja á Evrópska efnahagssvæðinu, ásamt því að kveða á um kröfur um tæknilegt ástand ökutækja í notkun.

#### 3. gr.

Núgildandi 3. gr. fellur niður og í stað hennar kemur ný 3. gr. svohljóðandi:

### VIÐURKENNING SKRÁNINGARSKYLDRA ÖKUTÆKJA

#### 03.00 Almenn ákvæði.

##### (1) Skilgreiningar.

**Framleiðandi:** Einstaklingur eða aðili sem er ábyrgur gagnvart viðurkenningaryfirvaldinu fyrir öllum þáttum gerðarviðurkenningar- eða heimildarferlisins svo og fyrir samræmi framleiðslunnar. Einstaklingurinn eða aðilinn þarf ekki að taka beinan þátt í öllum þrepum í smíði ökutækisins, kerfisins, íhlutarins eða aðskildu tæknieiningarinnar sem háð er gerðarviðurkenningu.

**Fulltrúi:** Fulltrúi er sá sem Umferðarstofa hefur viðurkennt til þess að bera ábyrgð á heildargerðarviðurkenningu, gerðarviðurkenningu og skráningu ökutækja fyrir hönd innflytjanda eða framleiðanda ökutækis. Umferðarstofa kveður nánar á um skyldur fulltrúa í verklagsreglum sínum.

**Gerð:** Ökutæki í tilteknum flokki sem eru ekki frábrugðin með tilliti til þeirra grundvallaratriða sem tilgreind eru í B-þætti II. viðauka tilskipunar 2007/46. Innan gerðar ökutækis geta verið afbrigði og útfærslur eins og skilgreint er í áðurnefndum viðauka.

**Gerðarviðurkenning:** Aðferð aðildarríkis Evrópusambandsins og EES/EFTA ríkis til að votta að gerð ökutækis, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til þeirra.

**Heildargerðarviðurkenning:** Aðferð aðildarríkis Evrópusambandsins og EES/EFTA ríkis til að votta að gerð ökutækis, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til þeirra.

Heildargerðarviðurkenning á ökutækjum er byggð tilskipun 2007/46/EB, tilskipun 2002/24 og tilskipun 2003/37/EB með síðari breytingum, eftir því sem við á.

**Nýtt ökutæki:** Ökutæki sem er 5.000 kg að leyfðri heildarþyngd eða minna telst vera nýtt hafi það ekki verið skráð hjá öðru skráningaryfirvaldi og ekið minna en 1.000 km.

Ökutæki sem er meira en 5.000 kg að leyfðri heildarþyngd telst vera nýtt hafi það ekki verið skráð hjá öðru skráningaryfirvaldi og ekið minna en 2.500 km.

**Samræmingarvottorð:** Skjal sem tilgreint er í IX. viðauka tilskipunar 2007/46/EB, er gefið út af framleiðanda og vottar að ökutæki úr framleiðsluröð af gerð sem hefur verið viðurkennd í samræmi við tilskipun 2007/46/EB uppfylli allar kröfur stjórnvaldsfyrirmæla á þeim tíma þegar það er framleitt.

**Skráningarviðurkenning:** Aðferð aðildarríkis Evrópusambandsins og EES/EFTA ríkis til að votta að eitt einstakt ökutæki, uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til þess.

**Tæknipjónusta:** Stofnun eða aðili sem er tilnefndur sem prófunarstofa til að annast prófanir eða sem samræmismatsaðili fyrir hönd viðurkenningaryfirvalds, eða viðurkenningaryfirvald, ef það á við.

**Þjóðargerðarviðurkenning:** Landsbundin gerðarviðurkenningaraðferð sem mælt er fyrir um í innlendum lögum eða reglum. Þjóðargerðarviðurkenning takmarkast við hvert aðildarríki Evrópusambandsins og EES/EFTA ríkis.

Að öðru leyti vísast til skilgreininga í tilskipun 2007/46/EB, tilskipun 2002/24 og tilskipun 2003/37/EB með síðari breytingum, eftir því sem við á.

### **03.01 Heildargerðarviðurkenning ökutækja.**

- (1) Heildargerðarviðurkenningu skal veita fullbúnum raðsmíðuðum ökutækjum og hlutasmíðuðum ökutækjum, þ.e. bifreiðum og eftirvögnum þeirra ásamt kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki samkvæmt tilskipun 2007/46/EB með síðari breytingum, bifhjólum samkvæmt tilskipun 2002/24/EB með síðari breytingum og dráttarvélum samkvæmt tilskipun 2003/37/EB með síðari breytingum. Einnig skal veita einstökum kerfum (svo sem hemlabúnaði og útblásturskerfi), einstökum íhlutum (svo sem ljóskerum) og viðbótarbúnaði (svo sem dráttarbeisli og afturvörn) heildargerðarviðurkenningu samkvæmt tilskipunum þessum.
- (2) Umsókn um heildargerðarviðurkenningu skal skila til Umferðarstofu.
- (3) Við viðurkenningu á Íslandi skal leggja fram upplýsingar og skjöl á íslensku eða ensku. Skjöl á öðru tungumáli eru viðurkennd ef þau hafa verið þýdd yfir á íslensku eða ensku af löggiltum skjalaþýðanda. Sá sem sækir um viðurkenningu, skal sjálfur standa straum af kostnaði við viðurkenninguna.
- (4) Þegar nýjar reglur taka gildi hjá Evrópusambandinu getur Umferðarstofa, að fenginni umsókn, ef þörf krefur og það gengur ekki gegn markmiðum reglugerðar þessarar varðandi umhverfis- og umferðaröryggissjónarmið, veitt leyfi til að skrá síðustu ökutæki gerðar í samræmi við 10% reglu B-hluta viðauka XII tilskipunar 2007/46/EB. Ákvæði þetta gildir eingöngu um bifreiðar og eftirvagna.

### **03.02 Þjóðargerðarviðurkenning ökutækja.**

- (1) Unnt er að veita ökutækjum sem framleidd eru í fáum eintökum þjóðargerðarviðurkenningu í samræmi við 23. gr. tilskipunar 2007/46/EB með síðari breytingum. Viðurkenninguna er unnt að veita í einum eða fleiri áföngum. Einnig er unnt að viðurkenna kerfi, einstaka íhluti og aðskildar tæknieiningar. Þjóðargerðarviðurkenning er landsbundin og gildir eingöngu í því ríki sem hún var veitt.
- (2) Þjóðargerðarviðurkenning skal aðeins veitt raðsmíðuðum nýjum ökutækjum. Sækja má um þjóðargerðarviðurkenningu á:
  - a. bifreið, að undanskilinni fólksbifreið
  - b. bifhjóli
  - c. torfærutæki
  - d. dráttarvél
  - e. skráningarskyldum eftirvagni
  - f. skráningarskyldu tengitæki.
- (3) Heimilt er að samþykkja þjóðargerðarviðurkenningu frá aðildarríki Evrópusambandsins og EES/EFTA ríki, þar sem gerðarviðurkenningin er framkvæmd á fullnægjandi hátt að mati Umferðarstofu, sem íslenska gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki í einum af ofangreindum ökutækisflokkum.
- (4) Um umsókn um gerðarviðurkenningu gildir:

- a. Sækja skal um gerðarviðurkenningu til Umferðarstofu. Umsækjandi skal senda tilkynningu til Umferðarstofu um það hver eða hverjir séu fulltrúar hans og hafi umboð til að skuldbinda hann.
  - b. Umsókn um gerðarviðurkenningu skal senda á þar til gerðu eyðublaði sem er undirritað af fulltrúa. Umsóknin skal vera vélrituð, nákvæmlega og fullkomlega útfyllt og henni skulu fylgja tilskilin gögn. Staðfestingu, vottorð og önnur gögn frá framleiðanda/innflytjanda skal fulltrúi undirrita og stimpla með nafni umsækjanda.
- (5) Um ökutæki sem fært er til skoðunar fyrir gerðarviðurkenningu í skoðunarstofu gildir:
- a. Fulltrúi skal færa til skoðunar ökutæki af þeirri gerð sem sótt er um viðurkenningu á.
  - b. Ökutæki það sem fært er til skoðunar skal vera í eftirfarandi ásigkomulagi:
    - hreint að utan sem innan. Límmiðar og áletranir á rúðum eða annars staðar á ökutækinu skulu hafa verið fjarlægðir,
    - frágengið á sama hátt og viðskiptavinur fær það í hendur en án ryðvarnar hérlendis. Ástand þess og búnaður skal vera í samræmi við ákvæði í lögum og reglugerðum að því marki sem umsækjandi getur metið slíkt,
    - eldsneytisgeymir skal vera fullur og önnur vökvaforðabúr með rétt vökvamagn,
    - hreyfill, aflrás, stýrisbúnaður, hjólaupphengjur, hjól o.fl. skulu vera stillt eftir fyrir-mælum framleiðanda. Ljós skulu vera stillt samkvæmt gildandi reglum.
  - c. Ökutækið skal fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru samkvæmt reglugerð þessari og öðrum viðeigandi reglugerðum.
- (6) Umferðarstofa metur hvort gögn varðandi gerðarviðurkenningu eru fullnægjandi. Eftirfarandi gögn skulu fylgja umsókn um gerðarviðurkenningu:
- a. Teikning með öllum aðalmálum. Ef um hóp bifreið er að ræða skal teikningin vera málsett og í mælikvarðanum 1:20 eða 1:25, í hliðar- og ofanvarpi, og sýna skipan farþegasvæðis, stærð og staðsetningu farangursgeymslna, ásamt fyrirkomulagi og stærð útganga, sbr. 8. og 11. gr.
  - b. Myndir sem sýna ökutækið annarsvegar á ská framan frá og aðra hliðina, og hinsvegar á ská aftan frá og hina hliðina.
  - c. Leiðbeiningabók eða sambærilegar upplýsingar.
  - d. Upplýsingar um merkingu hvers tákns eða samstöðu tákna í verksmiðjunúmeri og gerðarnúmeri.
  - e. Kerfismynd af hemlakerfi ásamt nægjanlega ítarlegri lýsingu á vinnsluferli þess. Sé ökutækið búið hleðslustýrðum hemlajöfnunarloka skulu fylgja upplýsingar um þrýsting hemlalofts eða hemlavökva frá hemlajöfnunarloka miðað við hleðslu.
  - f. Staðfestingar eða vottorð frá framleiðanda ökutækisins um:
    - að viðkomandi gerð ökutækisins uppfylli þau skilyrði í reglugerð þessari sem þarfnast skriflegra staðfestinga og talin eru upp í viðauka II,
    - burðargetu einstakra ása og leyfða heildarþyngd,
    - mestu leyfðu heildarþyngd eftirvagns/tengitækis, með og án hemla, sem tengja má við ökutækið,
    - gerð, slagrymi og afl hreyfils ökutækisins.
  - g. Krefjast má viðgerðarbókar, teikninga, útreikninga og annarra upplýsinga, svo sem staðfestinga eða vottorða umfram það sem tilgreint er í viðauka II í þeim mæli sem Umferðarstofa telur hagkvæmt að leggja til grundvallar fyrir gerðarviðurkenningu í stað þess að prófa sjálft ökutækið. Framleiðandi eða óháður rannsóknaraðili, sem Umferðarstofa samþykkir, skal gefa út slíka staðfestingu eða vottorð.
  - h. Skoðunarvottorð frá faggiltri skoðunarstofu.
  - i. Umferðarstofu er óheimilt án samþykkis hlutaðeigandi að nota fylgigögn með gerðarviðurkenningu fyrir aðra en þann sem gerðarviðurkenningin var gefin út á.
- (7) Gerðarviðurkenning skal gefin út af Umferðarstofu til umsækjanda og gildir fyrir ökutæki af sömu gerð og það sem fært var til skoðunar. Aðili sem gerðarviðurkenningin er gefin út á ábyrgist að skyldur sem hana varða verði haldnar.

- (8) Umferðarstofa hefur eftirlit með að ökutæki sem skrá skal samkvæmt gerðarviðurkenningu sé í samræmi við lýsingu viðkomandi gerðarviðurkenningar.

Að auki gildir:

- a. Umferðarstofa getur lagt fyrir óháðan rannsóknaraðila að prófa einstaka hluti eða búnað á gerðarviðurkenndu ökutæki.
  - b. Umsækjandi skal færa þann fjölda ökutækja til skoðunar hjá óháðum rannsóknaraðila sem Umferðarstofa fer fram á.
  - c. Ökutæki sem færa skal til prófunar skal vera nýtt frá verksmiðju og í samræmi við viðkomandi gerðarviðurkenningu.
  - d. Umferðarstofa metur niðurstöður rannsóknar frá rannsóknaraðila og ber saman við staðfestingar eða vottorð sem framleiðandi/innflytjandi leggur fram vegna gerðarviðurkenningar.
- (9) Umferðarstofa getur afturkallað gerðarviðurkenningu ökutækis í tiltekinn tíma hafi við skráningu og/eða athugun komið í ljós að:

- a. hönnun, innréttning eða búnaður ökutækisins vikur frá því sem fram kom við umsókn um gerðarviðurkenningu.
- b. mörg ökutæki sömu gerðarviðurkenningar reynast gölluð eða eru í ófullnægjandi ástandi.

Umferðarstofa getur krafist þess að öll ökutæki sem tilheyra tiltekinni gerðarviðurkenningu skuli innan tiltekins tíma færð til skoðunar hjá skoðunarstofu eða óháðum rannsóknaraðila ef í ljós kemur að eitt þeirra er ekki í samræmi við gerðarviðurkenninguna.

Ef ástæða er til að ætla að mörg ökutæki sömu gerðarviðurkenningar séu gölluð eða í ófullnægjandi ástandi getur Umferðarstofa krafist framleiðanda/innflytjanda um að endurbæta öll skráð ökutæki þessarar gerðarviðurkenningar þannig að þau verði í lögmæltu ástandi.

- (10) Gerðarviðurkenning gildir á meðan þau ökutæki sem viðurkenningin á við taka engum breytingum sem kalla á nýja gerðarviðurkenningu eða viðbótarviðurkenningu. Sá sem gerðarviðurkenningin er gefin út á skal tilkynna Umferðarstofu skriflega um breytingar. Umferðarstofa ákveður hvort þá verður krafist nýrrar gerðarviðurkenningar eða viðbótarviðurkenningar.

Ekki skal gefa út viðbótarviðurkenningu ef fimm ár eða meira eru liðin frá upphaflegum útgáfudegi gerðarviðurkenningar.

### **03.03 Þjóðargerðarviðurkenning tengibúnaðar fyrir ökutæki.**

- (1) Gerðarviðurkenningu má veita nýjum, raðsmíðuðum tengibúnaði fyrir bifreið með leyfða heildarþyngd 3.500 kg eða minna.
- (2) Um tengibúnað sem færður er til gerðarskoðunar í skoðunarstofu gildir:
  - a. Fulltrúi skal færa til skoðunar bifreið með þeirri gerð tengibúnaðar, sem sótt er um gerðarviðurkenningu á.
  - b. Tengibúnaðurinn skal vera varanlega festur við ökutækið. Frágangur skal vera samkvæmt 19. og 21. gr.
- (3) Umferðarstofa metur hvort gögn varðandi gerðarviðurkenningu eru fullnægjandi. Eftirfarandi gögn skulu fylgja umsókn um gerðarviðurkenningu:
  - a. Upplýsingar frá framleiðanda bifreiðar um festur tengibúnaðar og hve þungan eftirvagn eða tengitæki má tengja við bifreið.
  - b. Teikning af tengibúnaði frá framleiðanda tengibúnaðarins.
  - c. Mynd (merki eða ljósrit) af merki tengibúnaðar.
  - d. Upplýsingar um mestu þyngd, lóðréttu og láréttu, sem tengja má við tengibúnaðinn.
  - e. Skoðunarvottorð frá faggiltri skoðunarstofu.
- (4) Að öðru leyti gilda ákvæði liða 03.02 (3) og (4).

**03.04 Skráningarviðurkenning nýrra ökutækja.**

- (1) Skráningarviðurkenningu er heimilt að veita öllum nýjum skráningarskyldum ökutækjum.
- (2) Sækja skal um skráningarviðurkenningu til Umferðarstofu eða aðila í umboði hennar. Umferðarstofa metur hvort gögn varðandi skráningarviðurkenningu eru fullnægjandi.
- (3) Ökutæki sem fært er til skoðunar fyrir skráningarviðurkenningu skal fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru samkvæmt reglugerð þessari. Þessar kröfur teljast uppfylltar standist ökutækið skráningarskoðun/fultrúaskoðun samkvæmt skoðunarhandbók.
- (4) Eftirfarandi gögn skulu fylgja umsókn um skráningarviðurkenningu nýrra ökutækja:
  - a. Frumrit upprunavottorðs frá framleiðanda ökutækisins, eftir því sem við á. Séu gögn misvísandi sem Umferðarstofu eru látin í té af umsækjanda, flutningsaðila eða tollstjóra gildir liður 03.04 (2).
  - b. Upplýsingar um:
    1. Gerð ökutækis,
    2. Tegund ökutækis,
    3. Undirtegund ökutækis,
    4. Verksmiðjunúmer,
    5. Framleiðanda,
    6. Slagrými,
    7. Orkugjafa,
    8. Burðargetu einstakra ása,
    9. Afl hreyfils (kW),
    10. Hávaða við snúning; kyrrstöðumæling og akstursmæling,
    11. Leyfða heildarþyngd,
    12. Eiginþyngd,
    13. Útblástursmengun (EURO staðall),
    14. Þyngd hemlaðs eftirvagns,
    15. Þyngd óhemlaðs eftirvagns.Ofangreindar upplýsingar skulu, eftir því sem við á, staðfestar með vottorði frá framleiðanda eða viðurkenndri tækniþjónustu í frumriti, þar sem fram kemur verksmiðjunúmer viðkomandi ökutækis.
  - c. Vottorð um niðurstöðu skráningarskoðunar frá faggiltri skoðunarstofu, eða fulltrúaskoðunar eigi hún við.
  - d. Farmbréf.

**03.05 Skráningarviðurkenning notaðra ökutækja.**

- (1) Skráningarviðurkenningu er heimilt að veita öllum notuðum skráningarskyldum ökutækjum.
- (2) Sækja skal um skráningarviðurkenningu til Umferðarstofu eða aðila í umboði hennar. Umferðarstofa metur hvort gögn varðandi skráningarviðurkenningu eru fullnægjandi.
- (3) Ökutæki sem fært er til skoðunar fyrir skráningarviðurkenningu skal fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru samkvæmt reglugerð þessari. Þessar kröfur teljast uppfylltar standist ökutækið skráningarskoðun samkvæmt skoðunarhandbók.
- (4) Eftirfarandi gögn skulu fylgja umsókn um skráningarviðurkenningu allra notaðra ökutækja:
  - a. Frumrit erlends skráningarskírteinis, eða titilsbréfs, sem veitir heimild til notkunar án takmörkunar í landinu þar sem skráningarskírteinið/titilsbréfið er gefið út. Gögn þurfa einnig að fylgja um staðfestingu á fyrsta skráningardegi og/eða framleiðsluári, komi þessi atriði ekki fram í skráningarskírteininu/titilsbréfinu. Séu gögn misvísandi sem Umferðarstofu eru látin í té af umsækjanda, flutningsaðila eða tollstjóra gildir liður 03.05 (2).
  - b. Upplýsingar um:
    1. Gerð ökutækis,

2. Tegund ökutækis,
3. Undirtegund ökutækis,
4. Verksmiðjunúmer,
5. Framleiðanda,
6. Slagrými,
7. Orkugjafa,
8. Burðargetu einstakra ása,
9. Afl hreyfils (kW),
10. Hávaða við snúning; kyrrstöðumæling og akstursmæling,
11. Leyfða heildarþyngd,
12. Eiginþyngd,
13. Útblástursmengun (EURO staðall),
14. Þyngd hemlaðs eftirvagns,
15. Þyngd óhemlaðs eftirvagns.

Ofangreindar upplýsingar skulu, eftir því sem við á, staðfestar með vottorði frá framleiðanda eða viðurkenndri tækniþjónustu í frumriti, þar sem fram kemur verksmiðjunúmer viðkomandi ökutækis. Komi framangreindar tæknilegar upplýsingar fram í erlendu skráningarskírteini ökutækisins teljast þær vera fullnægjandi.

c. Vottorð um niðurstöðu skráningarskoðunar frá faggiltri skoðunarstofu.

d. Farmbréf, nema þegar innflytjandi er skráður eigandi samkvæmt skráningarskírteini.

- (5) Ökutæki sem fært er til skoðunar fyrir skráningarviðurkenningu skal fullnægja öllum kröfum sem gerðar voru til slíks ökutækis hér á landi þegar það var fyrst skráð almennri skráningu, að viðbættum afturvirkum kröfum um gerð og búnað ökutækja. Þessar kröfur teljast uppfylltar standist ökutækið skráningarskoðun samkvæmt skoðunarhandbók og nánari reglum Umferðarstofu.

### **03.12 Hópbifreið.**

- (1) Með hópbifreið skal fylgja málsett teikning í mælikvarðanum 1:20 eða 1:25, í hliðar- og ofanvarpi, sem sýnir skipan farþegasvæðis, stærð og staðsetningu farangursgeymslna, ásamt fyrirkomulagi og stærð útganga, sbr. 8. og 11. gr.

### **03.50 Eftirvagn.**

- (1) Með eftirvagni II, III og IV skal fylgja teikning af ökutækinu með öllum aðalmálum.
- (2) Með eftirvagni II, III og IV skal fylgja kerfismynd af hemlakerfi eða staðfesting frá framleiðanda á því að hemlakerfi ökutækis sé af tiltekinni tegund og uppfylli EB-staðla.
- (3) Um eftirvagn til farþegaflutninga gilda ákvæði um hópbifreið, sbr. lið 03.12 (1).

### **03.60 Tengitæki.**

- (1) Um tengitæki gilda ákvæði um eftirvagn, sbr. lið 03.50.

### **03.70 Torfærutæki.**

- (1) Við viðurkenningu til skráningar á torfærutæki skal ekki gera kröfur um staðfestingu eða vottorð skv. liðum 03.04 (4)b og 03.05 (4)b. Kröfu um búnað skal uppfylla samkvæmt reglugerð þessari eftir því sem við á.

### **03.105 Námuökutæki.**

- (1) Við viðurkenningu til skráningar á námuökutæki skal ekki gera kröfur um staðfestingu eða vottorð skv. liðum 03.04 (4)b og 03.05 (4)b. Kröfu um búnað skal uppfylla samkvæmt reglugerð þessari eftir því sem við á.

### **03.201 Beltabifreið.**

- (1) Við viðurkenningu til skráningar á beltabifreið skal ekki gera kröfur um staðfestingu eða vottorð skv. liðum 03.04 (4)b og 03.05 (4)b. Kröfu um búnað skal uppfylla samkvæmt reglugerð þessari eftir því sem við á.

**03.207 Rallbifreið.**

- (1) Við viðurkenningu til skráningar á rallbifreið skal ekki gera kröfur um staðfestingu eða vottorð skv. liðum 03.04 (4)b og 03.05 (4)b. Kröfu um búnað skal uppfylla samkvæmt reglugerð þessari eftir því sem við á.

**03.210 Fornbifreið.**

- (1) Við viðurkenningu til skráningar á forn­bifreið skal ekki gera kröfu um staðfestingu eða vottorð skv. lið 03.05 (4)b. Þó skal framvísa upplýsingum um lögmætan eiganda og erlendu skráningarskírteini eða samsvarandi fylgiskjali, ásamt staðfestingu á fyrsta skráningar­degi og/eða framleiðsluári, komi þessi atriði ekki fram í skráningarskírteininu. Kröfu um búnað skal uppfylla samkvæmt reglugerð þessari eftir því sem við á.

**03.211 Flugvallarrúta.**

- (1) Við viðurkenningu til skráningar á flugvallarrútu, eða flugvallarökutæki, eftir atvikum, skal ekki gera kröfur um staðfestingu eða vottorð skv. liðum 03.04 (4)b og 03.05 (4)b. Þó skal framvísa upplýsingum um lögmætan eiganda og erlendu skráningarskírteini eða samsvarandi fylgiskjali, ásamt staðfestingu á fyrsta skráningar­degi og/eða framleiðsluári, komi þessi atriði ekki fram í skráningarskírteininu. Kröfu um búnað skal uppfylla samkvæmt reglugerð þessari eftir því sem við á.

**03.212 Íslensk sérsmiðuð bifreið.**

- (1) Eftirfarandi gögn skulu fylgja umsókn um skráningarviðurkenningu umfram það sem kemur fram í 03.04 (4):
- Málsettar teikningar með öllum aðalmálum (lengd, breidd, hæð, hjólhaf og sporvídd).
  - Staðfesting frá framleiðanda hreyfils um framleiðsluár hreyfils, ásamt hreyfílkóða og númeri.
  - Upplýsingar um tegund og gerð ása, hemla og stýrisbúnaðar.
- (2) Við viðurkenningu til skráningar á íslenskri bifreið skal ekki gera kröfur um staðfestingu eða vottorð skv. lið 03.04 (4)a.

**03.310 Fornbifhjól.**

- (1) Við viðurkenningu til skráningar á forn­bifhjóli skal ekki gera kröfu um staðfestingu eða vottorð skv. lið 03.05 (4)b. Þó skal framvísa upplýsingum um lögmætan eiganda og erlendu skráningarskírteini eða samsvarandi fylgiskjali, ásamt staðfestingu á fyrsta skráningar­degi, og/eða framleiðsluári, komi þessi atriði ekki fram í skráningarskírteininu. Kröfu um búnað skal uppfylla samkvæmt reglugerð þessari eftir því sem við á.

## 4. gr.

Í stað „tilskipunar nr. 78/933/EBE með síðari breytingum“ kemur: tilskipun nr. 2009/61/EB með síðari breytingum í eftirgreindum ákvæðum:

- lið 07.30 (9) í 7. gr.,
- töflu í II. viðauka, í fremsta dálk með fyrirsögninni „tilskipun“.
- tölulið 14 í töflu með fyrirsögninni „dráttarvélar“ í III. viðauka, í næstfremsta dálk undir fyrirsögninni „tilskipun“,
- tölulið 14 í töflu með fyrirsögninni „dráttarvélar“ í IV. viðauka, í næstfremsta dálk undir fyrirsögninni „tilskipun“.

Töluliður 14 í töflu með fyrirsögninni „dráttarvélar“ í IV. viðauka breytist að auki þannig að í reitina „stjórnartíðindi EB“ og „EES-birting“, kemur við tilskipun nr. 2009/61/EB:

L 203, 5.8.2009	Birt í EES-viðbæti nr. 59, 18.10.2012, bls. 856.
-----------------	--

Síðari viðbætur 14. töluliðar falla út, þar sem um er að ræða viðbætur við tilskipun sem fellur brott.

## 5. gr.

4. gr. breytist þannig:

a. Ákvæði 04.10 (1) skal orðast svo:

Flötur fyrir aftanvert skráningarmarki bifreiðar telst vera fullnægjandi ef hann uppfyllir ákvæði EBE-tilskipunar nr. 70/222 eða EB-reglugerðar nr. 661/2009 og ESB-reglugerðar nr. 1003/2010, með síðari breytingum.

b. Ákvæði 04.10 (2) skal orðast svo:

Ef skilti með varanlega skráðu verksmiðjunúmeri bifreiðar og öðrum ökutækisbundnum upplýsingum er fest við bifreiðina telst það hafa fullnægjandi upplýsingar til að greina bifreiðina ef það er í samræmi við ákvæði EBE-tilskipunar nr. 76/114 eða EB-reglugerðar nr. 661/2009 og ESB-reglugerðar nr. 1003/2010, með síðari breytingum.

c. Ákvæði 04.50 (2) skal orðast svo:

Flötur fyrir skráningarmarki eftirvagns telst vera fullnægjandi ef hann uppfyllir ákvæði EBE-tilskipunar nr. 70/222 eða EB-reglugerðar nr. 661/2009 og ESB-reglugerðar nr. 1003/2010, með síðari breytingum.

d. Ákvæði 04.50 (3) skal orðast svo:

Ef skilti með varanlega skráðu verksmiðjunúmeri eftirvagns og öðrum ökutækisbundnum upplýsingum er fest við eftirvagninn telst það hafa fullnægjandi upplýsingar til að greina eftirvagninn ef það er í samræmi við ákvæði EBE-tilskipunar nr. 76/114 eða EB-reglugerðar nr. 661/2009 og ESB-reglugerðar nr. 1003/2010, með síðari breytingum.

## 6. gr.

9. gr. breytist þannig:

a. Ákvæði 09.11 (4) skal orðast svo:

Búnaður til að fjarlægja móðu og hrím af rúðum fólksbifreiðar telst vera fullnægjandi ef hann uppfyllir ákvæði EBE-tilskipunar nr. 78/317 eða EB-reglugerðar nr. 661/2009 og ESB-reglugerðar nr. 672/2010, með síðari breytingum.

b. Ákvæði 09.11 (5) skal orðast svo:

Búnaður til að hreinsa framrúðu fólksbifreiðar telst vera fullnægjandi ef hann uppfyllir ákvæði EBE-tilskipunar nr. 78/318 eða EB-reglugerðar nr. 661/2009 og ESB-reglugerðar nr. 1008/2010, með síðari breytingum.

## 7. gr.

11. gr. breytist þannig:

a. Ákvæði 11.11 (1) skal orðast svo:

Dyrabúnaður fólksbifreiðar telst vera fullnægjandi ef hann uppfyllir ákvæði EBE-tilskipunar nr. 70/387 eða EB-reglugerðar nr. 661/2009 og ESB-reglugerðar nr. 130/2012, með síðari breytingum.

b. Ákvæði 11.13 (1) skal orðast svo:

Dyrabúnaður sendibifreiðar telst vera fullnægjandi ef hann uppfyllir ákvæði EBE-tilskipunar nr. 70/387 eða EB-reglugerðar nr. 661/2009 og ESB-reglugerðar nr. 130/2012, með síðari breytingum.

c. Ákvæði 11.14 (1) skal orðast svo:

Dyrabúnaður vörubifreiðar telst vera fullnægjandi ef hann uppfyllir ákvæði EBE-tilskipunar nr. 70/387 eða EB-reglugerðar nr. 661/2009 og ESB-reglugerðar nr. 130/2012, með síðari breytingum.

d. Ákvæði 11.50 (3) skal orðast svo:

Dyrabúnaður eftirvagns telst vera fullnægjandi ef hann uppfyllir ákvæði EBE-tilskipunar nr. 70/387 eða EB-reglugerðar nr. 661/2009 og ESB-reglugerðar nr. 130/2012, með síðari breytingum.

## 8. gr.

12. gr. breytist þannig:

Ákvæði 12.10 (3) skal orðast svo:



Búnaður bifreiðar til aksturs aftur á bak og búnaður til mælingar á ökuhraða bifreiðar telst vera fullnægjandi ef hann uppfyllir ákvæði EBE-tilskipunar nr. 75/443 eða EB-reglugerðar nr. 661/2009 og ESB-reglugerðar nr. 130/2012, með síðari breytingum.

## 9. gr.

14. gr. breytist þannig:

Ákvæði 14.10 (2) skal orðast svo:

Dráttarbúnaður bifreiðar telst vera fullnægjandi ef hann uppfyllir ákvæði EBE-tilskipunar nr. 77/389 eða EB-reglugerðar nr. 661/2009 og ESB-reglugerðar nr. 1005/2010, með síðari breytingum.

## 10. gr.

16. gr. breytist þannig:

a. Fyrri málslíður ákvæðis 16.10 (6) skal orðast svo:

Gerð og ásetning hjólbarða á bifreið telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE-tilskipunar nr. 92/23 eða EB-reglugerðar nr. 661/2009 og ESB-reglugerðar nr. 458/2011, með síðari breytingum, eru uppfyllt.

b. Fyrri málslíður ákvæðis 16.50 (3) skal orðast svo:

Gerð og ásetning hjólbarða á eftirvagni telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE-tilskipunar nr. 92/23 eða EB-reglugerðar nr. 661/2009 og ESB-reglugerðar nr. 458/2011, með síðari breytingum, eru uppfyllt.

## 11. gr.

17. gr. breytist þannig:

a. Ákvæði 17.11 (3) skal orðast svo:

Skermun hjóla fólksbifreiðar telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE-tilskipunar nr. 78/549 eða EB-reglugerðar nr. 661/2009 og ESB-reglugerðar nr. 1009/2010, með síðari breytingum, eru uppfyllt.

b. Ákvæði 17.14 (2) skal orðast svo:

Skermun hjóla vörubifreiðar með leyfða heildarþyngd yfir 7.500 kg telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE-tilskipunar nr. 91/226 eða EB-reglugerðar nr. 661/2009 og ESB-reglugerðar nr. 109/2011, með síðari breytingum, eru uppfyllt.

c. Ákvæði 17.53 (2) skal orðast svo:

Skermun hjóla eftirvagns II telst fullnægjandi ef ákvæði EBE-tilskipunar nr. 91/226 eða EB-reglugerðar nr. 661/2009 og ESB-reglugerðar nr. 109/2011, með síðari breytingum, eru uppfyllt.

## 12. gr.

18. gr. breytist þannig:

a. Ákvæði 18.10 (15) skal orðast svo:

Bifreið telst uppfylla kröfur um útblástursmengun ef hún uppfyllir þann staðal sem í gildi er fyrir hana á hverjum tíma samkvæmt ákvæðum eftirfarandi EB-tilskipana og reglugerða:

- 1) Tilskipun 2005/55/EB, með síðari breytingum.
- 2) EB-reglugerð nr. 715/2007, með síðari breytingum.
- 3) EB-reglugerð nr. 595/2009, með síðari breytingum.

b. Ákvæði 18.10 (16) fellur brott.

c. Ákvæði 18.10 (18) fellur brott.

d. Í lok ákvæðis 18.10 bætist við nýtt ákvæði, 18.10 (19), sem orðast svo:

Hreyfill vetnisknúinnar bifreiðar telst vera fullnægjandi ef ákvæði EB-reglugerðar nr. 79/2009 og ESB-reglugerðar nr. 406/2010, með síðari breytingum, eru uppfyllt.

e. Ákvæði 18.11 (3) skal orðast svo:





Tilskipun / reglugerð	Efni	M <sub>1</sub>	M <sub>2</sub>	M <sub>3</sub>	N <sub>1</sub>	N <sub>2</sub>	N <sub>3</sub>	O <sub>1</sub>	O <sub>2</sub>	O <sub>3</sub>	O <sub>4</sub>	B <sub>1</sub>	B <sub>2</sub>	T <sub>1</sub>	T <sub>2</sub>	T <sub>3</sub>	T <sub>4</sub>
92/114/EBE	Útstæðir hlutir				4	4	4										
93/14/EBE	Hemlun											4	4				
93/29/EBE	Stjórnæki og gaumljós											5	5				
93/30/EBE	Hljóðmerkisbúnaður											4	4				
93/31/EBE	Standari											5	5				
93/32/EBE	Handföng											5	5				
93/33/EBE	Þjófavörn											4	4				
2009/139/EB	Áletranir											4	4				
2009/67/EB	Ljósker											4	4				
93/93/EBE	Stærð og þyngd											4	4				
93/94/EBE	Svæði fyrir skráningarmerki											4	4				
94/20/EB	Tengibúnaður	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4						
95/1/EB	Hámarkshraði og vélarafli											4	4				
95/28/EB	Eldfælin efni			4													
96/27/EB	Vörn við hliðarárekstri	4			4												
96/79/EB	Vörn við árekstur að framan	4															
97/27/EB	Stærð og þyngd		4	4	4	4	4	4	4	4	4						
2000/25/EB	Útblástursmengun													2	2	2	2
2002/51/EB	Útblástursmengun												1				
2003/53/EB	Endurvinnsla	5	5	5	5	5											
715/2007/EB	Útblástursmengun	2	2		2	2	2										
692/2008/EB	Útblástursmengun	2	2	2	2	2	2										
661/2009/EB	Almennt öryggi	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4						
78/2009/EB	Árekstrarvörn	4			4												
672/2010/ESB	Móðueyðing	4															
1003/2010/ESB	Flötur fyrir skráningarmerki að aftan	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4						
1005/2010/ESB	Dráttarbúnaður	4	4	4	4	4	4										
1008/2010/ESB	Rúðuburrkur og rúðusprautur	4															
1009/2010/ESB	Skermun hjóla	4															
19/2011/ESB	Áletranir	4	4	4	4	4	4		4	4	4						
109/2011/ESB	Aur- og hjólhlífar				4	4				4	4						
458/2011/ESB	Hjólbarðar	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2						
130/2012/ESB	Aðgangur og stýrihæfni	4	4	4	4	4	4										
65/2012/ESB	Gírskiptivísar	4															
347/2012/ESB	Neyðarhemlunarkerfi		4	4		4	4										
351/2012/ESB	Akreinavarar		4	4		4	4										

## 16. gr.

Viðauki III breytist þannig:

Töflu undir fyrirsögninni „bifreiðar og eftirvagnar“ er skipt út fyrir eftirfarandi töflu:

Tölul.	Tilskipun / reglugerð	Efnisinnihald	Reglugerðarákvæði
2	70/157/EBE	Hljóðstyrkur og útblásturskerfi	18.00 (1), 18.10 (14)
4	70/221/EBE	Eldsneytisgeymar, undirvörn að aftan	18.00 (3), 23.01 (5), 23.10 (1), 23.50 (1)
5	70/222/EBE	Flötur fyrir skráningarmerki að aftan	04.10 (1), 04.50 (2)
6	70/311/EBE	Stýrisbúnaður	05.10 (9), 05.50 (3)
7	70/387/EBE	Dyrabúnaður	11.11 (1), 11.13 (1), 11.14 (1), 11.50 (3)
8	70/388/EBE	Hljóðmerkisbúnaður	13.10 (1)
10	71/320/EBE	Hemlabúnaður	06.07 (1), 06.09 (1), 06.10 (9), 06.10 (17), 06.50 (16), 06.53 (5), 06.53 (6)
11	72/245/EBE	Rafsegultruflanir	19.10 (5)
13	74/60/EBE	Innréttingar	22.11 (2)
14	74/61/EBE	Þjófavörn	18.10 (1)
15	74/297/EBE	Stýrisbúnaður við árekstur	05.10 (7), 05.11 (1), 05.13 (1)
16	74/408/EBE	Sæti og sætisfestingar	08.10 (2)
17	74/483/EBE	Útstæðir hlutir	22.11 (3)
18	75/443/EBE	Hraðamælir og bakkgir	12.10 (3)

Tölul.	Tilskipun / reglugerð	Efnisinnihald	Reglugerðarákvæði
19	76/114/EBE	Áletranir	04.10 (2), 04.50 (3)
20	76/115/EBE	Festur öryggisbelta	24.10 (2)
21	76/756/EBE	Ljósker og glitaugu, staðsetning	07.10 (9), 07.50 (8)
22	76/757/EBE	Glitaugu	07.10 (8), 07.50 (6)
23	76/758/EBE	Breiddar-, stöðu- og hemlaljósker	07.10 (9), 07.50 (8)
24	76/759/EBE	Stefnuljósker	07.10 (9), 07.50 (8)
25	76/760/EBE	Númersljósker	07.10 (9), 07.50 (8)
26	76/761/EBE	Aðalljósker og perur	07.10 (3)
27	76/762/EBE	Þokuljós að framan	07.10 (4)
28	77/389/EBE	Dráttarbúnaður	14.10 (2)
29	77/538/EBE	Þokuafturljósker	07.10 (9), 07.50 (8)
30	77/539/EBE	Bakkljósker	07.10 (9), 07.50 (8)
31	77/540/EBE	Stöðuljósker	07.10 (9)
32	77/541/EBE	Festur öryggisbelta	24.10 (1), 24.14 (1)
33	77/649/EBE	Sjónsvið ökumanns	09.11 (3)
34	78/316/EBE	Stjórntæki og gaumljós	08.10 (3)
35	78/317/EBE	Móðueyðing	09.11 (4)
36	78/318/EBE	Rúðupurrkur og rúðusprautur	09.11 (5)
38	78/549/EBE	Skermun hjóla	17.11 (3)
39	78/932/EBE	Höfuðpúðar	24.02 (1), 24.11 (3)
43	80/1269/EBE	Afl hreyfils	18.10 (3)
45	89/297/EBE	Hliðarvörn	23.14 (3), 23.53 (2)
	89/459/EBE	Hjólbarðar, mynsturdýpt	16.10 (6), 16.50 (3)
45a	91/226/EBE	Aur- og hjólhlífur	17.14 (2), 17.53 (2)
	92/6/EBE	Virgni hraðatakmarkara	12.03 (1)
45b	92/21/EBE	Stærð og þyngd fólksbifreiða	14.11 (2), 21.11 (2), 22.11 (4)
45c	92/22/EBE	Öryggisrúður	09.10 (8), 09.50 (1)
45d	92/23/EBE	Hjólbarðar	16.10 (6), 16.50 (3)
45e	92/24/EBE	Hraðatakmarkarar	12.03 (1)
45g	92/114/EBE	Útstæðir hlutir	22.13 (2), 22.14 (2)
45r	94/20/EB	Tengibúnaður	21.10 (4), 21.50 (2)
45t	95/28/EB	Eldfælin efni	22.12 (7)
45u	96/27/EB	Vörn við hliðarárekstri	22.11 (5), 22.13 (3)
45v	96/79/EB	Vörn við árekstur að framan	22.11 (6)
45w	97/27/EB	Stærð og þyngd	22.12 (8), 22.13 (4), 22.14 (3), 22.50 (1)
45y	2001/85/EB	Hópbifreiðar	08.12 og 11.12
45zc	2003/97/EB	Speglar	09.10 (7)
45zf	2004/104/EB	Rafsegultruflanir	19.10 (5)
45zh	2005/49/EB	Rafsegultruflanir	19.10 (5)
45zi	2005/39/EB	Sæti, höfuðpúðar og festingar	08.10 (2), 24.11 (2)
45zj	2005/40/EB	Öryggisbelti og aðhaldsbúnaður	24.10 (1)
45zk	2005/41/EB	Festingar öryggisbelta	24.10 (2)
45zl	2005/55/EB	Útblástursmengun	18.10 (15)
45zn	2005/64/EB	Endurvinnsla	
45zo	2005/78/EB	Útblástursmengun	
45zp	2006/368	Árekstrarvörn að framan, prófunaraðferðir	23.10 (2)
45zq	2006/40/EB	Mengun frá loftræstingu	10.10 (2)
45zr	706/2007/EB	Mengun frá loftræstingu	10.14
45zs	2007/38/EB	Speglar á vörubifreiðum	
45zt	715/2007/EB	Útblástursmengun	18.11 (3), 18.10 (15)
45zu	692/2008/EB	Útblástursmengun	
45zx	2007/46/EB	Heildargerðarviðurkenning/ þjóðargerðarviðurkenning	03.00 (1), 03.01 (1), 03.01 (4), 03.02 (1),
45zy	78/2009/EB	Árekstrarvörn	22.00 (2), 23.10 (2)
45zz	631/2009/EB	Árekstrarvörn, prófunaraðferðir	23.10 (2)
45zza	661/2009/EB	Almennt öryggi	04.10 (1), 04.10 (2), 04.50 (2), 04.50 (3), 09.11 (4), 09.11 (5), 11.11 (1), 11.13 (1), 11.14 (1), 11.50 (3), 12.10 (3), 14.10 (2), 16.10 (6), 16.50 (3), 17.11 (3), 17.14 (2), 17.53 (2)
45zzb	672/2010/ESB	Móðueyðing	09.11 (4)
45zzc	1003/2010/ESB	Flötur fyrir skráningamerki að aftan	04.10 (1), 04.10 (2), 04.50 (2), 04.50 (3)
45zzd	1005/2010/ESB	Dráttarbúnaður	14.10 (2)
45zze	1008/2010/ESB	Rúðupurrkur og rúðusprautur	09.11 (5)

Tölul.	Tilskipun / reglugerð	Efnisinnihald	Reglugerðarákvæði
45zzf	1009/2010/ESB	Skermun hjóla	17.11 (3)
45zzg	19/2011/ESB	Áletranir	
45zzh	109/2011/ESB	Aur- og hjólhlífar	17.14 (2), 17.53 (2)
45zzi	458/2011/ESB	Hjólbarðar	16.10 (6), 16.50 (3)
45zzj	79/2009/EB	Vetnisknúin ökutæki	18.10 (19)
45zzk	595/2009/EB	Útblástursmengun	18.10 (15)
45zzl	582/2011/ESB	Útblástursmengun	
45zzm	406/2010/ESB	Vetnisknúin ökutæki	18.10 (19)
45zzn	130/2012/ESB	Aðgangur og stýrihæfni	11.11 (1), 11.13 (1), 11.14 (1), 11.50 (3), 12.10 (3)
45zzo	65/2012/ESB	Gírskiptivísar	
45zzp	347/2012/ESB	Neyðarhæmlunarkerfi	
45zzq	351/2012/ESB	Akreinavarar	
45zzr	523/2012/ESB	Reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu	

## 17. gr.

Viðauki IV breytist þannig:

Töflu undir fyrirsögninni „bifreiðar og eftirvagnar“ er skipt út fyrir eftirfarandi töflu:

Tölul.	Tilskipun / reglugerð	Síðari viðbætur	Stjórnartíðindi EB	EES-birting
2	Hljóðstyrkur og útblásturskerfi 70/157/EBE		L 042 23.02.70	* EES-gerðir S4
		73/350/EBE	L 321 22.11.73	* EES-gerðir S4
		77/212/EBE	L 066 12.03.77	* EES-gerðir S4
		81/334/EBE	L 131 18.05.81	* EES-gerðir S4
		84/372/EBE	L 196 26.07.84	* EES-gerðir S4
		84/424/EBE	L 238 06.09.84	* EES-gerðir S4
		89/491/EBE	L 238 15.08.89	* EES-gerðir S4
		92/97/EBE	L 371 19.12.92	** EES-viðbætur bók 2
		96/20/EB	L 092 13.04.96	*** 73/96; 16, 17.04.1997
		1999/101/EB	L 334 28.12.99	*** 50/2000; 42, 21.09.2000
2007/34/EB	L 155 15.06.2007	*** 3/2008; 33, 12.06.2008		
4	Eldsneytisgeymar og undirvörn að aftan 70/221/EBE		L 076 06.04.70	* EES-gerðir S4
		79/490/EBE	L 128 26.05.79	* EES-gerðir S4
		81/333/EBE	L 131 18.05.81	* EES-gerðir S4
		97/19/EB	L 125 16.05.97	*** 39/98; 6, 04.02.1999
		2000/8/EB	L 106 03.05.00	*** 104/2000; 8, 15.02.2001
		2006/20/EB	L 048, 18.02.2006	*** 109/2006
5	Flötur fyrir skráningarmerki að aftan 70/222/EBE		L 076 06.04.70	* EES-gerðir S4
6	Stýrisbúnaður 70/311/EBE		L 133 18.06.70	* EES-gerðir S4
		92/62/EBE	L 199 18.07.92	** EES-viðbætur bók 2
		1999/7/EB	L 040 13.02.99	*** 156/99; 11, 01.03.2001
7	Dyrabúnaður 70/387/EBE		L 176 10.08.70	* EES-gerðir S4
		98/90/EB	L 337 12.12.98	*** 143/99; 3, 18.01.2001
		2001/31/EB	L 130 12.05.2002	*** 70/02; 29, 13.06.2002
8	Hljóðmerkisbúnaður 70/388/EBE		L 176 10.08.70	* EES-gerðir S4
10	Hemlabúnaður 71/320/EBE		L 202 06.09.71	* EES-gerðir S4
		74/132/EBE	L 074 19.03.74	* EES-gerðir S4
		75/524/EBE	L 236 08.09.75	* EES-gerðir S4
		79/489/EBE	L 128 26.05.79	* EES-gerðir S4
		85/647/EBE	L 380 31.12.85	* EES-gerðir S4
		88/194/EBE	L 092 09.04.88	* EES-gerðir S4
		91/422/EBE	L 233 22.08.91	** EES-viðbætur bók 2
		98/12/EB	L 081 18.03.98	*** 16/99; 28, 22.06.2000
		2002/78/EB	L 267 04.10.02	*** 41/2003; 39, 31.07.2003

Tölul.	Tilskipun / reglugerð	Síðari viðbætur	Stjórnartíðindi EB	EES-birting
11	Rafsegultruflanir 72/245/EBE		L 152 06.07.72	* EES-gerðir S4
		89/491/EBE	L 238 15.08.89	* EES-gerðir S4
		95/54/EB	L 266 08.11.95	*** 72/96; 16, 17.04.1997
		2004/104/EB	L 337, 13.11.2004	*** 76/2005; 52, 13.10.2005
		2005/49/EB	L 194, 26.07.2005	*** 20/2006; 28, 01.06.2006
		2005/83/EB	L 305, 24.11.2005	*** 77/2006; 52, 19.10.2006
		2006/28/EB	L 65, 07.03.2006	*** 109/2006
		2009/19/EB	L 70, 14.3.2009	*** 7/2013.
13	Innréttingar 74/60/EBE		L 038 11.02.74	* EES-gerðir S4
		78/632/EBE	L 206 29.07.78	* EES-gerðir S4
		2000/4/EB	L 87 08.04.00	*** 104/2000; 8, 15.02.2001
14	Þjófavörn 74/61/EBE		L 038 11.02.74	* EES-gerðir S4
		95/56/EB	L 286 29.11.95	*** 74/96; 16, 29.11.1995
15	Stýrisbúnaður við árekstur 74/297/EBE		L 165 20.06.74	* EES-gerðir S4
		91/662/EBE	L 366 31.12.91	** EES-viðbætur bók 2
16	Sæti og sætisfestingar 74/408/EBE		L 221 12.08.74	* EES-gerðir S4
		81/577/EBE	L 209 29.07.81	* EES-gerðir S4
		96/37/EB	L 186 25.07.96	*** 62/97; 5, 05.02.1998
		2005/39/EB	L 255, 30.09.2005	*** 77/2006; 52, 19.10.2006
17	Útstæðir hlutir 74/483/EBE		L 266 02.10.74	* EES-gerðir S4
		79/488/EBE	L 128 26.05.79	* EES-gerðir S4
		2007/15/EB	L 75, 14.03.2007	*** 3/2009; 16, 19.03.2009
18	Hraðamælir og bakkgir 75/443/EBE		L 196 26.07.75	* EES-gerðir S4
		97/39/EB	L 177 05.07.97	*** 55/98; 16, 15.04.1999
19	Áletranir 76/114/EBE		L 024 30.01.76	* EES-gerðir S4
		78/507/EBE	L 155 13.06.78	* EES-gerðir S4
20	Festur öryggisbelta 76/115/EBE		L 024 30.01.76	* EES-gerðir S4
		81/575/EBE	L 209 29.07.81	* EES-gerðir S4
		82/318/EBE	L 139 19.05.82	* EES-gerðir S4
		90/629/EBE	L 341 06.12.90	** EES-viðbætur bók 2
		96/38/EB	L 187 26.07.96	*** 63/97; 5, 05.02.1998
		2005/41/EB	L 255, 30.09.2005	*** 77/2006; 52, 19.10.2006
21	Ljósker og glitaugu, staðsetning 76/756/EBE		L 262 27.09.76	* EES-gerðir S4
		80/233/EBE	L 051 25.02.80	* EES-gerðir S4
		82/244/EBE	L 109 22.04.82	* EES-gerðir S4
		83/276/EBE	L 151 09.06.83	* EES-gerðir S4
		84/8/EBE	L 009 12.01.84	* EES-gerðir S4
		89/278/EBE	L 109 20.04.89	* EES-gerðir S4
		91/663/EBE	L 366 31.12.91	** EES-viðbætur bók 2
		97/28/EB	L 171 30.06.97	*** 29/98; 48, 19.11.1998
		2007/35/EB	L 157 19.06.2007	*** 3/2008; 33, 12.06.2008
2008/89/EB	L 257, 24.09.2008	*** 43/2009; 33, 25.06.2009		
22	Glitaugu 76/757/EBE		L 262 27.09.76	* EES-gerðir S4
		97/29/EB	L 171 30.06.97	*** 70/98; 30, 08.07.1999
23	Breiddar-, stöðu- og hemlaljósker 76/758/EBE		L 262 27.09.76	* EES-gerðir S4
		89/516/EBE	L 265 12.09.89	* EES-gerðir S4
		97/30/EB	L 171 30.06.97	*** 40/98; 6, 04.02.1999
24	Stefnuljósker 76/759/EBE		L 262 27.09.76	* EES-gerðir S4
		89/277/EBE	L 109 20.04.89	* EES-gerðir S4
		1999/15/EB	L 097 12.04.99	*** 157/99; 11, 01.03.2001

Tölul.	Tilskipun / reglugerð	Síðari viðbætur	Stjórnartíðindi EB	EES-birting
25	Númersljósker 76/760/EBE		L 262 27.09.76	* EES-gerðir S4
		97/31/EB	L 171 30.06.97	*** 41/98; 6, 04.02.1999
26	Aðalljós og perur 76/761/EBE		L 262 27.09.76	* EES-gerðir S4
		89/517/EBE	L 265 12.09.89	* EES-gerðir S4
		1999/17/EB	L 097 12.04.99	*** 157/99; 11, 01.03.2001
27	Þokuljós að framan 76/762/EBE		L 262 22.09.76	* EES-gerðir S4
		1999/18/EB	L 097 12.04.99	*** 157/99; 11, 01.03.2001
28	Dráttarbúnaður 77/389/EBE		L 145 13.06.77	* EES-gerðir S4
		96/64/EB	L 258 11.10.96	*** 75/97; 18, 07.05.1998
		2005/13/EB	L 55, 01.03.2005	*** 113/2005
29	Þokafturljósker 77/538/EBE		L 220 29.08.77	* EES-gerðir S4
		89/518/EBE	L 265 12.09.89	* EES-gerðir S4
		1999/14/EB	L 097 12.04.99	*** 157/99; 11, 01.03.2001
30	Bakkiljósker 77/539/EBE		L 220 29.08.72	* EES-gerðir S4
		97/32/EB	L 171 30.06.97	*** 42/98; 6, 04.02.1999
31	Stöðuljósker 77/540/EBE		L 220 29.08.77	* EES-gerðir S4
		1999/16/EB	L 097 12.04.99	*** 157/99; 11, 01.03.2001
32	Festur öryggisbelti 77/541/EBE		L 220 29.08.77	* EES-gerðir S4
		81/576/EBE	L 209 29.07.81	* EES-gerðir S4
		82/319/EBE	L 139 19.05.82	* EES-gerðir S4
		90/628/EBE	L 341 06.12.90	* EES-gerðir S4
		96/36/EB	L 178 17.07.96	*** 76/97; 18, 07.05.1998
		2000/3/EB	L 053 25.02.00	*** 103/2000; 60, 06.12.2001
		2005/40/EB	L 255, 30.09.2005	*** 77/2006; 52, 19.10.2006
33	Sjónsvið ökumanns 77/649/EBE		L 267 19.10.77	* EES-gerðir S4
		81/643/EBE	L 231 15.08.81	* EES-gerðir S4
		88/366/EBE	L 181 12.07.88	* EES-gerðir S4
		90/630/EBE	L 341 06.12.90	** EES-viðbætur bók 2
34	Stjórnþæki og gaumljós 78/316/EBE		L 081 28.03.78	* EES-gerðir S4
		93/91/EBE	L 284 19.11.93	** EES-viðbætur bók 2
		94/53/EB	L 299 22.11.94	*** 133/01; 6, 24.01.2002
35	Móðueyðing 78/317/EBE		L 081 28.03.78	* EES-gerðir S4
36	Rúðuþurrkur og rúðusprautur 78/318/EBE		L 081 28.03.78	* EES-gerðir S4
		94/68/EB	L 354 31.12.94	*** 40/95; 25, 13.06.1996
38	Skermun hjóla 78/549/EBE		L 168 26.06.78	* EES-gerðir S4
		94/78/EB	L 354 31.12.94	*** 41/95; 25, 13.06.1996
39	Höfuðpúðar 78/932/EBE		L 325 20.11.78	* EES-gerðir S4
43	Afl hreyfils 80/1269/EBE		L 375 31.12.80	* EES-gerðir S4
		88/195/EBE	L 092 09.04.88	* EES-gerðir S4
		89/491/EBE	L 238 15.08.89	* EES-gerðir S4
		97/21/EB	L 125 16.05.97	*** 43/98; 6, 04.02.1999
		1999/99/EB	L 334 28.12.99	*** 50/2000; 42, 21.09.2000
45	Hliðarvörn 89/297/EBE		L 124 05.05.89	* EES-gerðir S4
XIII 17	Hjólbarðar, mynsturðýpt 89/459/EBE		L 226 03.08.89	* EES-gerðir S40



Tölul.	Tilskipun / reglugerð	Síðari viðbætur	Stjórnartíðindi EB	EES-birting
45a	Aur- og hjóllífar 91/226/EB		L 103 23.04.91	*** 1/95; 14, 20.04.1995
		2010/19/ESB	L 72, 20.3.2010.	Birt í EES-viðbæti nr. 14, 7.3.2013, bls. 502.
		2011/415/ESB	L 185, 15.7.2011.	Birt í EES-viðbæti nr. 67, 29.11.2012, bls. 351.
45b	Stærð og þyngd fólksbifreiða 92/21/EBE		L 129 14.05.92	** EES-viðbætur bók 2
		95/48/EB	L 233 30.09.95	*** 76/96; 16, 17.04.1997
XIII 17b	Virgni hraða- takmarkara 92/6/EB		L 057 02.03.92	** EES-viðbætur bók 2
		2002/85/EB	L 327 04.12.02	
45c	Öryggisrúður 92/22/EBE		L 129 14.05.92	** EES-viðbætur bók 2
		2001/92/EB	L 292 09.11.2001	*** 48/2002; 6, 30.01.2003
45d	Hjólbarðar 92/23/EBE		L 129 14.05.92	** EES-viðbætur bók 2
		2001/43/EB	L 211 04.08.2001	*** 26/2002; 29, 13.06.2002
		2005/11/EB	L 46, 17.02.2005	*** 112/2005; 66, 22.12.2005
45e	Hraðatakmarkarar 92/24/EBE		L 129 14.05.92	** EES-viðbætur bók 2
		2004/11/EB	L 44 14.02.2004	*** 4/2005; 32, 23.06.2005
45g	Útstæðir hlutir 92/114/EBE		L 409 31.12.92	** EES-viðbætur bók 2
45r	Tengibúnaður 94/20/EB		L 195 29.07.94	*** 30/94; 57, 31.12.1994
45t	Eldfælin efni 95/28/EB		L 281 23.11.95	*** 1/97; 13, 27.03.1997
45u	Vörn við hliðarárekstri 96/27/EB		L 169 08.07.96	*** 60/97; 5, 05.02.1998
45v	Vörn við árekstur að framan 96/79/EB		L 018 21.01.97	*** 44/98; 6, 04.02.1999
		1999/98/EB	L 009 13.01.2000	*** 72/2000; 59, 14.12.2000
45w	Stærð og þyngd 97/27/EB		L 233 25.08.97	*** 56/98; 16, 15.04.1999
		2001/85/EB	L 42 13.02.2002	*** 138/2002; 4, 23.01.2003
		2003/19/EB	L 79 26.03.2003	*** 170/2003; 15, 25.03.2004
45y	Hópifreið, 2001/85/EB		L 42, 13.02.2002	*** 138/2002; 4,
45zc	Speglar 2003/97/EB		L 25 29.01.2004	*** 122/2004; 12, 10.03.2005
		2005/27/EB	L 81, 30.03.2005	*** 111/2005; 66, 22.12.2005
45zf	Rafsegultruflanir 2004/104/EB		L 337 13.11.2004	*** 76/2005; 52, 13.10.2005
45zh	Rafsegultruflanir, 2005/49/EB		L 194, 26.07.2005	*** 20/2006; 28, 01.06.2006
45zi	Sæti, höfuðpúðar og festingar 2005/39/EB		L 255, 30.09.2005	*** 77/2006; 52, 19.10.2006
45zj	Öryggisbeltí og aðhaldsbúnaður, 2005/40/EB		L 255, 30.09.2005	*** 77/2006; 52, 19.10.2006
45zk	Festingar fyrir öryggisbeltí 2005/41/EB		L 255, 30.09.2005	*** 77/2006; 52, 19.10.2006
45zl	Útblástursmengun 2005/55/EB		L 275, 20.10.2005	*** 77/2006; 52, 19.10.2006
		2005/78/EB	L 313, 29.11.2005	*** 77/2006; 52, 19.10.2006
		2006/51/EB	L 152, 07.06.2006	*** 144/2006
		2008/74/EB	L 192, 19.07.2008	Birt í EES-viðbæti nr. 7, 2.2.2012, bls. 308.
45zn	Endurvinnsla 2005/64/EB		L 310, 25.11.2005	*** 77/2006; 52,
		2009/1/EB	L 9, 14.01.2009	Birt í EES-viðbæti nr. 32, 14.6.2012, bls. 32.

Tölul.	Tilskipun / reglugerð	Síðari viðbætur	Stjórnartíðindi EB	EES-birting
45zo	Útblástursmengun 2005/78/EB		L 313, 29.11.2005	*** 77/2006; 52, 19.10.2006
		2006/51/EB	L 152, 07.06.2006	*** 144/2006
		2008/74/EB	L 192, 19.07.2008	Birt í EES-viðbæti nr. 7, 2.2.2012, bls. 308.
45zp	Árekstrarvörn að framan, prófunar- aðferðir 2006/368/EB		L 161 14.06.2006	*** 144/2006; 15, 29.3.2007
45zq	Mengun frá loftræstingu 2006/40/EB		L 161 14.06.2006	*** 144/2006; 15, 29.3.2007
45zr	Leki frá loftræstikerfum 706/2007/EB		L 161, 20.06.2007	*** 3/2008; 37, 09.07.2009
45zs	Speglar á vörubifreiðum 2007/38/EB		L 184 14.07.2007	*** 3/2008; 33, 12.06.2008
45zt	Gerðarviðurkenning með tilliti til mengandi efna í útblæstri 715/2007/EB		L 171, 29.06.2007	*** 4/2008; 37, 09.07.2009
		692/2008/EB	L 199, 28.07.2008	*** 43/2009; 33, 25.06.2009
		595/2009/EB	L 188, 18.7.2009.	Birt í EES-viðbæti nr. 67, 29.11.2012, bls. 244.
		566/2011/ESB	L 158, 16.6.2011.	Birt í EES-viðbæti nr. 67, 29.11.2012, bls. 300.
		459/2012/ESB	L 142, 1.6.2012.	Birt í EES-viðbæti nr. 20, 28.3.2013, bls. 164.
45zu	Gerðarviðurkenningu með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum 692/2008/EB		L 199, 28.07.2008	*** 43/2009; 33, 25.06.2009
		566/2011/ESB	L 158, 16.6.2011.	Birt í EES-viðbæti nr. 67, 29.11.2012, bls. 300.
		459/2012/ESB	L 142, 1.6.2012.	Birt í EES-viðbæti nr. 20, 28.3.2013, bls. 164.
45zx	Heildargerðarviðurkenning 2007/46/EB		L 263, 9.10.2007	Birt í EES-viðbæti nr. 19, 29.3.2012, bls. 98.
		1060/2008/EB	L 292, 31.10.2008	Birt í EES-viðbæti nr. 12, 1.3.2012, bls. 433.
		78/2009/EB	L 35, 4.2.2009.	Birt í EES-viðbæti nr. 12, 1.3.2012, bls. 531.
		385/2009/EB	L 118, 13.5.2009.	Birt í EES-viðbæti nr. 12, 1.3.2012, bls. 562.
		2010/19/ESB	L 72, 20.3.2010.	Birt í EES-viðbæti nr. 14, 7.3.2013, bls. 502.
		2011/415/ESB	L 185, 15.7.2011.	Birt í EES-viðbæti nr. 67, 29.11.2012, bls. 351.
		371/2010/ESB	L 110, 1.5.2010.	Birt í EES-viðbæti nr. 19, 29.3.2012, bls. 438.
		661/2009/EB	L 200, 31.7.2009.	Birt í EES-viðbæti nr. 59, 18.10.2012, bls. 371.
		79/2009/EB	L 35, 4.2.2009.	*** 41/2012.
		595/2009/EB	L 188, 18.7.2009.	Birt í EES-viðbæti nr. 67, 29.11.2012, bls. 244.
		183/2011/ESB	L 53, 26.2.2011.	Birt í EES-viðbæti nr. 54, 27.9.2012, bls. 849.
		582/2011/ESB	L 167, 25.6.2011.	Birt í EES-viðbæti nr. 9, 7.2.2013, bls. 1.
		678/2011/ESB	L 185, 15.7.2011.	Birt í EES-viðbæti nr. 67, 29.11.2012, bls. 324.
65/2012/ESB	L 28, 31.1.2012.	Birt í EES-viðbæti nr. 20, 28.3.2013, bls. 1097.		
45zy	Árekstrarvörn 78/2009/EB		L 35, 4.2.2009.	Birt í EES-viðbæti nr. 12, 1.3.2012, bls. 531.

Tölul.	Tilskipun / reglugerð	Síðari viðbætur	Stjórnartíðindi EB	EES-birting
45zz	Árekstrarvörn, prófunaraðferðir 631/2009/EB		L 195, 25.7.2009.	Birt í EES-viðbæti nr. 24, 26.4.2012, bls. 25.
		459/2011/ESB	L 124, 13.5.2011.	Birt í EES-viðbæti nr. 54, 27.9.2012, bls. 420.
45zza	Almennt öryggi 661/2009/EB		L 200, 31.7.2009.	Birt í EES-viðbæti nr. 59, 18.10.2012, bls. 371.
		407/2011/ESB	L 108, 28.4.2011.	Birt í EES-viðbæti nr. 54, 27.9.2012, bls. 270.
		523/2012/ESB	L 160, 21.6.2012.	Birt í EES-viðbæti nr. 16, 14.3.2013, bls. 79.
45zzb	Móðueyðing 672/2010/ESB		L 196, 28.7.2010.	Birt í EES-viðbæti nr. 67, 29.11.2012, bls. 201.
45zzc	Flötur fyrir skráningamerki að aftan 1003/2010/ESB		L 291, 9.11.2010.	Birt í EES-viðbæti nr. 54, 27.9.2012, bls. 245.
45zzd	Dráttarbúnaður 1005/2010/ESB		L 291, 9.11.2010.	Birt í EES-viðbæti nr. 54, 27.9.2012, bls. 254.
45zze	Rúðuburkkur og rúðsprautur 1008/2010/ESB		L 292, 10.11.2010.	Birt í EES-viðbæti nr. 59, 18.10.2012, bls. 395.
45zzf	Skermun hjóla 1009/2010/ESB		L 292, 10.11.2010.	Birt í EES-viðbæti nr. 54, 27.9.2012, bls. 261.
45zzg	Áletranir 19/2011/ESB		L 8, 12.1.2011.	Birt í EES-viðbæti nr. 59, 18.10.2012, bls. 414.
		249/2012/ESB	L 82, 22.3.2012.	Birt í EES-viðbæti nr. 59, 18.10.2012, bls. 271.
45zzh	Aur- og hjólhlfar 109/2011/ESB		L 34, 9.2.2011.	Birt í EES-viðbæti nr. 67, 29.11.2012, bls. 217.
45zzi	Hjólbarðar 458/2011/ESB		L 124, 13.5.2011.	Birt í EES-viðbæti nr. 54, 27.9.2012, bls. 278.
45zzj	Gerðarviðurkenning vetnisknúinna ökutækja 79/2009/EB		L 35, 4.2.2009.	Birt í EES-viðbæti nr. 20, 28.3.2013, bls. 752.
45zzk	Útblástursmengun – þung ökutæki 595/2009/EB		L 188, 18.7.2009.	Birt í EES-viðbæti nr. 67, 29.11.2012, bls. 244.
		582/2011/ESB	L 167, 25.6.2011.	Birt í EES-viðbæti nr. 9, 7.2.2013, bls. 1.
45zzl	Útblástursmengun – þung ökutæki 582/2011/ESB		L 167, 25.6.2011.	Birt í EES-viðbæti nr. 9, 7.2.2013, bls. 1.
		64/2012/ESB	L 167, 25.6.2011.	Birt í EES-viðbæti nr. 16, 14.3.2013, bls. 6.
45zzm	Vetnisknúin ökutæki 406/2010/ESB		L 122, 18.5.2010.	Birt í EES-viðbæti nr. 20, 28.3.2013, bls. 767.
45zzn	Aðgangur og stýrihæfni 130/2012/ESB		L 43, 16.2.2012.	Birt í EES-viðbæti nr. 67, 29.11.2012, bls. 144.
45zzo	Gírskiptivísar 65/2012/ESB		L 28, 31.1.2012.	Birt í EES-viðbæti nr. 20, 28.3.2013, bls. 1097.
45zzp	Neyðarhæmlunarkerfi 347/2012/ESB		L 109, 21.4.2012.	Birt í EES-viðbæti nr. 20, 28.3.2013, bls. 125.
45zzq	Akreinavarar 351/2012/ESB		L 110, 24.4.2012.	Birt í EES-viðbæti nr. 20, 28.3.2013, bls. 874.

Tölul.	Tilskipun / reglugerð	Síðari viðbætur	Stjórnartíðindi EB	EES-birting
45zzr	Inntaka reglugerða efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu 523/2012/ESB		L 160, 21.6.2012.	Birt í EES-viðbæti nr. 16, 14.3.2013, bls. 79.

18. gr.

Tafla með fyrirsögninni „dráttarvétel“ í IV. viðauka breytist þannig:

Í tölulið 29 við tilskipun 2000/25/EB og á eftir tilskipun 2011/72/ESB (í reitina „tilskipun“, „síðari viðbætur“, „stjórnartíðindi EB“ og „EES-birting“, kemur:

2011/87/ESB	L 301, 18.11.2011.	Birt í EES-viðbæti nr. 54, 27.9.2012, bls. 882.
-------------	--------------------	---

19. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 60. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, öðlast þegar gildi.

*Innanríkisráðuneytinu, 15. apríl 2013.*

**Ögmundur Jónasson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*